

hrest oss upp og liðkað hugsun alla—
 tifum létt á ljóta-fótum inn,
 ljúkum af um reikning þinn að fjalla.
 —Það sem á vanst af þér hefir gengið!
 Eign er hnossið séð en ekki fengið!

Hvílík auðlegð! sjáðu þennan sjóð:
 sundurlynda, niðings fótumtroðna,
 rakna við og þreyfa um, sterka þjóð,
 þrældóms-hlekkinn blóði sínu roðna.
 Gálgahamrar hröktum reistir bændum,
 heimur minn, er gull í mund og vændum.

Líft á safnið sem að vex og grær!
 samandreginn margra alda forða
 þar sem okrið allar dygðir flær,
 iðjusemin stritar hungurmorða.
 Þú átt eftir árið þetta góða
 óeyddan og lögum trygðan gróða.

Og hjörðin þessi! óskert er hún enn,
 yfir hana ná ei tölur margar,
 þeir sent verða hvorki menskir menn,
 meinlaus dýr né sæmilegir vargar.
 Lengi þyngir þína gróða-keltu
 þetta fé er komst á slíka veltu.

V.

Rengdu' ei að sé reikningsfærslan góð,
 réttur hagar skárri en suma dreymi um—
 einmitt við hjá svona vörðum sjóð'
 sannleikann og æsku vora geynum!
 Eg hef' ekki einu sinni talið
 aukatekjur, margt sem í er falið

Við erum ekki ársins leigðu hjú